

Reykjavík, 14. janúar 2019

Allsherjar- og menntamálanefnd
Skrifstofa Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs. 149. löggjafarþing, þingskjal 558 - 417. mál.

Hlustað á grasrótina í íþróttá- og ungmennafélögum

UMFÍ fagnar frumvarpi um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála á Íslandi. Þetta eru skjót viðbrögð. Íþróttá- og ungmennafélög innan UMFÍ ásamt héraðssamböndum hafa á vettvangi sínum kallað eftir því að starf samskiptaráðgjafa verði sett á laggirnar sem geti, hvort heldur er með formlegum eða óformlegum hætti, tekið við erfiðum og aðkallandi málum til að vernda iðkendur í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Það er ánægjulegt að upplifa að tekið sé mark á tillögum grasrótárinna og þeim komið í framkvæmd. UMFÍ mælir eindregið með því frumvarpið verði samþykkt. Með því verður skotið sterkari stöðum undir faglegt starf í málaflokknum.

UMFÍ fagnar því sérstaklega að inn í frumvarpið eru komnar girðingar sem varna þeim þátttöku í íþróttá- og æskulýðsstarfi sem hafa refsíðma á bakinu. Þátttakendur í hreyfingunni eiga að vera til fyrirmyndar, sýna af sér hegðun í samræmi við það og láta aðra iðkendur, sjálfboðaliða og starfsfólk vita að ekkert sé að óttast.

Það er samfélaginu til góða.

Aðgengi að rafrænum sakavottorðum

Samhliða frumvarpi um samskiptaráðgjafa er mikilvægt að auðvelda úrvinnslu og opna aðgengi að upplýsingum um starfsfólk og umsækjendur um starf í íþróttá- og æskulýðsstarfi. Auðvelda þarf aðgengi stjórnenda að sakaskrá og sakavottorðum. Rafræn skráning sakavottorða er lykillinn að því, auðveldar starfið og gerir stjórnendum kleift að ráða starfsfólk og fá sjálfboðaliða í starfið sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru.

Stjórnendur félagasamtaka og víðar þurfa verkfæri sem gera það auðveldara að ráða hæft starfsfólk og draga úr líkum á ofbeldisverkum í hvaða mynd sem þau geta birst í starfi ungmenna- og æskulýðsfélaga. Okkur Íslendingum er tamt að bera okkur saman við nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndunum. Starfsumhverfi stjórnenda í Danmörku er t.d. allt annað en það sem við þekkjum til hér á landi. Stjórnendur félagasamtaka geta farið á vef dönsku lögreglunnar og nálgast þar með einföldum hætti upplýsingar í tengslum umsóknir. Slóðin á upplýsingavef dönsku lögreglunnar er: <https://politi.dk/bestil/bestil-straftattest>. Þar er einnig stutt myndband sem sýnir hvernig ferlið virkar. UMFÍ óskar eftir því að sambærileg útfærsla verði tekin upp hér á landi. Með því móti verður mögulegt að hafa yfirsýn yfir þá sem koma að starfinu ásamt því að veita einföld og skilvirk verkfæri. Athygli er vakin á því að sömu forsendur í persónuverndarmálum eru í gildi í Danmörku og hér á landi.

UMFÍ nýtir sér Æskulýðsvettvanginn

UMFÍ hefur haft góða reynslu af breiðu samstarfi í gegnum Æskulýðsvettvanginn þar sem UMFÍ, Landsbjörg, Skátarnir og KFUM&K vinna saman að málum sem snúa að öryggi barna í starfsemi samtakanna.

Innan Æskulýðsvettvangsins er þekking og reynsla á þeim málaflokki sem samskiptaráðgjafi þarf á að halda. Þekkingin hefur verið byggð upp í árabíl og þar tekur fagráð við þeim málum sem grasrótin sendir til vettvangsins. Dæmi eru um að félög innan UMFÍ hafi sent mál inn til vettvangsins þó svo að farvegur hafi verið til staðar í félagi og/eða sveitarfélagi. Þar hefur fámenni valdið áskorunum og því gott að geta leitað til vettvangsins.


Í UMFÍ eru 29 sambandsaðilar sem hafa unnið mikið með vettvanginum og hafa af honum góða reynslu. Innan þessara sambandsaðila eru rúmlega 350 aðildarfélög um allt land með rúmlega 150.000 félagsmenn á öllum aldri.

Að þessu sögðu leggur UMFÍ til að samstarf verði við Æskulýðsvettvanginn varðandi samskiptaráðgjafa íþrótta- og æskulýðsmála enda er þar fyrir umfangsmikill og sterkur grunnur.

Öll betri

Innan UMFÍ sinna aðildarfélög fjölbreyttu íþrótta- og æskulýðsstarfi. Verði staða samskiptaráðgjafa að veruleika – þótt tímabundin sé – má ætla að starfsemi íþrótta- og ungmennafélaga verði faglegri en áður og öryggi iðkenda meira og betra.

Virðingarfyllst,
f.h. Ungmennafélags Íslands



Auður Inga Þorsteinsdóttir,
framkvæmdastjóri UMFÍ